

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013



Árangur tyggjóstríðsins



Grænfáninn við hún

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lýsing á starfsemi skólans.....	3
Hlutverk	3
Umfang	3
Nemendur.....	3
Starfsfólk.....	3
Húsnæði	4
Kennsla	4
Fjármál.....	5
Greining tölulegra gagna.....	6
Innritun nýnema	6
Námsframvinda – brottfall.....	6
Skólasókn nemenda	6
Þróunarverkefni Kvennaskólans.....	8
Námstími í nýju kerfi	8
Hve stór hluti þeirra sem hefja nám í 1. bekk ljúka stúdentsprófi?	8
Helstu verkefni innleiðingarinnar veturinn 2012-2013.....	9
Könnunin Stofnun ársins	10
Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti.....	10
Samantekt um bókasafn	10
Samantekt um mötuneyti	11
Jafnrétti.....	12
Launakjör starfsfólks	12
Áætlun um eineltismál og kynferðislega áreitni	12
Jafnréttisfræðsla í kennslu.....	13
Jafnréttismál hjá nemendafélaginu	14
Hlutfall nemenda í embættum og nefndum Keðjunnar.....	14
Jafnréttisfræðsla fyrir kennara	16
Vímuefnanotkun	16
Heilsueflandi skóli.....	17
Árangur í umbótum skólaárið 2012-2013.....	17
Umbótaáætlun	18
Bókasafn	18
Mötuneyti	18
Skólapúlsinn.....	18
Forvarnir	19
Jafnrétti	19
Almenn braut, brautabré	19
Rekstur	19
Lokaorð.....	19

Inngangur

Sjálfsmati í Kvennaskólanum er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólustarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans.

Sjálfsmat skólaársins 2012-2013 er byggt á:

1. Greiningu á ýmsum gögnum úr upplýsingakerfi skólans (Innu), úr bókhaldskerfinu (ORACLE) og úr umsóknum um skólann.
2. Könnun fjármálaráðuneytisins um Stofnun ársins sem unnin er í samvinnu við SFR og fleiri. Könnunin var gerð í mars 2013. Og ítarleg greining frá Capacent gallup fyrir skólann.
3. Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti gerð í apríl 2013.
4. Skýrsla jafnréttisfulltrúa veturinn 2012-2013.
5. Skýrsla um vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi. Úrvinnsla fyrir KVSK í júní 2013 frá Rannsóknunum og greiningu.

Lýsing á starfsemi skólans

Hlutverk

Kvennaskólinn í Reykjavík er menntaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið er hlutverk Kvennaskólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum í bekkjakerfi. Einnig starfrækir skólinn almenna braut, brautabré, í tilraunaskyni frá haustinu 2011.

Umfang

Nemendur

Haustið 2012 hófu 652 nemendur nám við skólann. 268 nemendur hófu nám í 1. bekk, þar af 246 sem komu beint úr 10. bekk. Í desember 2012 útskrifuðust 36 stúdentar allir úr 4. bekk. Vorið 2013 fóru 590 nemendur í vorpróf og 110 stúdentar voru útskrifaðir. Veturinn 2012-13 var skipting nemenda á brautir þannig að um 38% nemenda voru á félagsvísindabraut, 12% á hugvísindabraut, 47% á náttúruvísindabraut og 3% á brautabré. Eins og áður voru stúlkur fleiri en piltar í nemendahópnum og þetta ár voru piltar 37% nemendahópsins. Hlutfall pilta í nemendahópnum hefur farið hækkandi síðustu ár, var 34% síðasta skólaár og 31% árið þar á undan. 70% nemenda áttu lögheimili í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi og 94% á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Starfsfólk

Við skólann störfuðu alls 64 á skólaárinu, 52 kennarar, skólameistari, aðstoðarskólameistari, 2 fjármálastjórar (skipti urðu á skólaárinu), 2 fulltrúar á skrifstofu, 2 bókasafnsfræðingar í u.þ.b. hálfu starfi hvor, umsjónarmaður, matreiðslumeistari og 2 aðstoðarmenn í mötuneyti. Kennurum fjölgaði frá fyrra ári vegna veikinda og lítilla hlutastarfa. Úr hópi kennara voru 4 brautarstjórar, 12 fagstjórar, faktor (sem er umsjónarmaður kennslu í Uppsölum) og 4 verkefnisstjórar.

Verkefnisstjórnarnir voru með eftirtalin verkefni: erlend samskipti, félagsmál nemenda, forvarnir og umsjón með þróunarstarfi skólans við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Þróunarstjórinn var í 50% starfi. Tveir námsráðgjafar störfuðu við skólann og sinntu þeir einnig kennslu og eru taldir með kennurum.

Um 27% kennara eru karlar en 73% konur. 62% kennara skólans eru með aðra eða þriðju háskólagráðu (MA/MS/MPaed eða Dr) og allir með kennsluréttindi í framhaldsskóla.

Fyrirtæki sjá um ræstingar, tölvuumsjón og táknmálkennslu.

Húsnæði

Skólinn starfar nú í þremur húsum, að Fríkirkjuvegi 9, Fríkirkjuvegi 1 og í Þingholtsstræti 37. Húsnæði skólans er alls **5031 fermetri**. Rými á hvern nemanda er 7,7 fermetrar.

Aðalbygging og Nýbygging Fríkirkjuvegi 9	Miðbæjarskólinn Fríkirkjuvegi 1	Uppsalið Þingholtsstræti 37
Aðalskrifstofa skólans	Aðstoðarskólameistari	Faktor
Skólameistari	Þróunarstjóri	Mötuneyti
Fjármálastjóri	Námsráðgjafar	Leiksvið
Matstofa starfsmanna	Félagsmálastjóri	Stofur U5 - U8
Umsjónarmaður	Forvarnarfulltrúi	
Bókasafn	Vinnuaðstaða kennara	
Vinnuaðstaða kennara	Íþróttasalur, búningsherbergi	
Stofur N2 - N6	Stofur M01, M10 - M12, M14 - M19	
Stofur A1, A4 - A6	Stofur M22 - M28	
Nemendaráð	Nemendaver	

Allar kennslustofur eru með tölvu og skjávarpa ásamt hljóðkerfi. Í skólanum er þráðlaust net, tvær tölvustofur önnur með 27 tölvum en hin með 22 tölvum. Nemendur hafa að auki aðgang að 10 borðtölvum í lestrarsal bókasafnsins, 10 vélum á göngum skólans og svo eru 10 vélar í nemendarýmum. Á bókasafni skólans eru lesbásar fyrir 16 nemendur, 40 sæti við vinnuborð og fartölvur sem nemendur geta pantað afnot af. Skólinn er með um 20 fartölvur til ráðstöfunar í kennslu eftir þöntun. Nemendur hafa aðgang að prenturum í öllum byggingum skólans. Íþróttakennslan fer öll fram í Miðbæjarskólanum.

Gerð hefur verið rýmingaráætlun fyrir öll húsin og kort um flóttaleiðir sett í öll rými skólans. Rýmingaráætlunin er á heimasíðu skólans, slóðin er <http://www.kvenno.is/pages/393>.

Kennsla

Kvennaskólinn starfar samkvæmt bekkjakerfi og skólaárið 2012-2013 skiptust nemendur skólans í 27 bekki eins og taflan hér að neðan sýnir:

Ár	Félagsvísinda- /félagsfræðabraut Fjöldi bekkja	Hugvísinda- /málabraut Fjöldi bekkja	Náttúruvísinda- /náttúrufræðibraut Fjöldi bekkja	Almenn braut- brautabré Fjöldi bekkja
1	4	1	5	1
2	3	1	4	
3	2	1	3	
4*	1*	*	1*	

*Nemendum á 4. ári var á haustönn skipt í tvo bekki, einn sameiginlegan á félagsvísinda- og hugvísindabraut og 1 á náttúruvísindabraut. Einn sameiginlegur bekkur var síðan á vorönn með þeim nemendum sem ekki útskrifuðust í desember. Í reynd eru 4. árs nemendur mikið með yngri nemendum bæði í valhópum og einnig að taka greinar sem ólokið er í kjarna.

Fjármál

Fjárlög fyrir árið 2012 gerðu ráð fyrir nokkurri aukningu á starfsemi frá árinu áður og fjölgun ársnemenda. Framlög á fjárlögum til skólans námu samtals 385,8 m. kr. að meðtöldum ríkistekjum sem skólinn innheimtir. Skólinn fékk viðbótarfjárheimildir að upphæð 44,5 m. kr. vegna nemendauppgjör, námsleyfa, sjálfsmats framhaldsskóla og þróunarstyrks vegna þriggja ára skóla. Í heild varð framlag ársins 430,3 m. kr. sem er 15,7% hækkun til reglulegs rekstrar.

Rekstrargjöld ársins voru samtals 522,5 m.kr. sem er 15,1% hækkun gjalda. Rekstrartap skólans á árinu var 21,1 m.kr. Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði í árslok var neikvæð um 40,3 m. kr. og höfuðstóll neikvæður um 21,6 m. kr. Árið áður var greiðslustaðan neikvæð um 0,5 m. kr. Reksturinn var því mun erfiðari á árinu.

Laun og launatengd gjöld hækkðu um 14,7% eða 52,3 m. kr. Hækkun launakostnaðar skýrist af auknum kostnaði vegna breytts fyrirkomulags kennslu og undirbúnings þriggja ára skóla en þeirri vinnu lýkur á árinu 2013.

Hækkun útgjalda umfram hækkun framlaga og tekna má að hluta rekja til mikillar stækkunar húsnæðis árið 2011 og er árið 2012 því fyrsta heila árið sem nær yfir núverandi húsakost. Aðeins þessi liður, húsnæðiskostnaður sem innifelur leigu, ræstingu, eftirlit, vatn og rafmagn, hækkar um 24 m.kr. á milli ára.

Almenn vörukaup hækka um 3,9 m.kr. eða 17,4% milli ára en árið 2012 er fyrsta heila rekstrarár mótuneytisins í breyttri mynd sem einnig skilar sér í hækkun á seldri þjónustu en sá liður hækkaði um 45,3% á milli ára.

Erlendir styrkir til nemendaskipta sveiflast alltaf mikið milli ára og fargjöld til útlanda í samræmi við það.

Eignakaup voru mun minni á árinu þar sem lokið var innkaupum vegna stækkunar kennsluhúsnæðis. Var einungis sinnt brýnustu endurnýjun á tölvubúnaði skólans og kennslutækjum og námu heildar eignakaup ársins 1,4 m. kr. eða um 13% af eignakaupum ársins 2011.

Greining tölulegra gagna

Skoðuð voru ýmis töluleg gögn svo sem tölur varðandi aðsókn nýnema, skólasókn allra nemenda og árangur þeirra á prófum.

Innritun nýnema

Aðsókn að skólanum var mun meiri en hægt var að anna og vorið 2012 sóttu 742 nemendur um að komast í skólann þar af 678 nýnemar. 267 umsækjendur fengu skólavist. Líkt og undanfarin ár áttu umsækjendur um 1. bekk það sameiginlegt að hafa staðið sig vel á grunnskólaprófi og í töflunni hér á eftir má sjá meðaleinkunnir nýnema sem teknir voru á bóknámsbrautir skólans á grunnskólaprófum (skólaeinkunnir) í stærðfræði, íslensku og ensku.


Námsgrein	Nýnemar vor 12	Nýnemar vor 11	Nýnemar vor 10
Stærðfræði	8,5	8,4	8,4
Íslenska	8,5	8,4	8,3
Enska	8,8	8,6	8,7

Námsframvinda – brottfall

Af þeim 652 nemendum sem hófu nám við skólann haustið 2012 hurfu 26 frá námi einhvern tíma vetrarins. Þetta svarar til 4% brottfalls. Af þessum 26 brottfallsnemendum hættu 15 um áramót og fóru þá í aðra skóla. 16 brottfallsnemendur voru nýnemar en af þeim hættu 2 áður en haustönn lauk en 14 luku haustönninni. 12 nýnemar fóru í aðra skóla um áramótin en 2 nýnemar hættu námi á vorönninni. Af brottfallsnemendum 26 voru 3 á brautabréu sem svarar til 16% brottfalls af þeirri braut, 12 á félagsvísindabraut sem svarar til 4,9% brottfalls af félagsvísindabraut, 3 á hugvísindabraut sem svarar til 3,9% brottfalls af braut og 8 á náttúruvísindabraut sem svarar til 2,6% brautarbrottfalls. Nemendur sem útskrifuðust með stúdentspróf á skólaárinu voru samtals 146, 36 útskrifuðust í desember og 110 í maí.


Skólasókn nemenda

Grafið hér að neðan sýnir skólasókn nemenda veturinn 2012-2013 að teknu tilliti til veikindavottorða.



Þegar grafið er skoðað sést að hjá 82% nemenda er skólasóknin yfir 90%. 15% nemenda hefur skólasókn á milli 80 og 90% en hjá 3% nemenda er skólasóknin 80% eða lægri. Þetta er örlítið verri skólasókn en var árið á undan en þá voru 85% nemenda með skólasókn yfir 90% og 2% undir 80.

Áhugavert er að skoða tengsl skólasóknar nemenda og þess í hvaða árgangi þeir eru og sýnin grafið hér að neðan það samhengi.



Skólasóknin er best hjá nemendum á 1. ári, ríflega 96% og hjá nemendum á 2. og 3. ári er hún 93-94%. Meðalskólasókn 4. bekkinga er 89% en nemendur á 4. ári eru fáir, aðeins rúmlega 50 og af þeim útskrifuðust 36 í desember. Mætingartölur 4. bekkinga eru því ekki alveg sambærilegar við hinar tölurnar.

Ef skólasókn nemenda er skoðuð eftir því á hvaða námsbraut þeir eru kemur í ljós að tiltölulega lítt munur er á skólasókn nemenda ólíkra brauta. Hún er 96% hjá nemendum

náttúruvísindabrautar, 94% hjá nemendum hugvísindabrautar og 93% hjá nemendum félagsvísindabrautar og nemendum á brautabru. Meðalskólasókn nemenda á brautabrunni var í fyrra nokkru lægri en skólasókn nemenda bóknámsbrautanna en þetta skólaár er hún jafn góð og skólasókn nemenda á félagsvísindabraut.

Allar tölur um skólasókn nemenda sem rætt hefur verið um hér að ofan tengjast vottorðaskólasókn þ.e. skólasókn þar sem tekið hefur verið tillit til veikindavottorða. Raunskólasókn nemenda er einnig skráð og þeir sem ná raunskólasókn 96% eða hærri fá eina einingu yfir veturinn fyrir það. Veturinn 2012-2013 fengu 27% nemendur einingu fyrir skólasókn. Veturinn þar á undan voru það 30% nemenda og árið þar á undan 26% nemenda sem fengu þessa einingu.

Þróunarverkefni Kvennaskólans

Námstími í nýju kerfi

Fyrsti árgangurinn í nýju kerfi hóf nám haustið 2009. Af þeim hópi

- útskrifuðust 75 vorið 2012
- útskrifuðust 36 í desember 2012
- útskrifuðust 16 vorið 2013
- stefnir 1 að útskrift í desember 2013

Af þeim 16 sem útskrifuðust vorið 2013 voru 6 sem höfðu tekið hlé frá námi vegna skiptinematvalar erlendis og var því námstími þeirra til stúdentsprófs 3 ár.

Meðalnámstími þeirra 128 nemenda úr þessum hópi sem útskrifast með stúdentspróf er því: $(81 * 3) + (36 + 3,5) + (10 * 4) + (1 * 4,5) = 3,23$ ár

Hve stór hluti þeirra sem hefja nám í 1. bekk ljúka stúdentsprófi?

Haustið 2009 hófu 156 nemendur nám í 1. bekk samkvæmt nýrri námskrá. Af þeim nemendum hættu 27 einhvern tíma á ferlinum (17%) og 127 eru þegar útskrifaðir. Einn er enn í námi og stefnir að útskrift í desember 2013 og einn er í leyfi af heilsufarsástæðum. Af þeim sem hurfu frá námi hættu 5 á haustönn 2009 eða um áramótin 2009-10, 8 hættu eftir 1. bekk vorið 2010, 2 hættu um áramótin 2010-11 og 4 hættu eftir 2. bekk. Átta nemendur hættu síðar, þ.e. í lok 3. eða 4. námsárs.

Áhugavert er að bera þessar tölur um afdrif nemenda saman við árgang sem stundaði nám skv. eldri námskrá. Haustið 2007 hófu 160 nemendur nám við skólann í 1. bekk. Af þeim hættu 24 (15%) einhvern tíma á ferlinum en 136 útskrifuðust með stúdentspróf.

Af árganginum sem innritaðist 2007 skv. eldri námskrá útskrifuðust skv. þessu 85% með stúdentspróf en af árganginum sem innritaðist 2009 skv. nýrri námskrá 83%. Það er ekki hægt að draga afgerandi ályktanir af þessu þar sem aðeins er skoðaður einn árgangur úr hvoru kerfi en fróðlegt væri að halda þessari skoðun áfram og skoða fleiri árganga. Það er ýmislegt sem er ólíkt í námskránum tveimur og ólíkar kröfur sem nemendurnir þurfa að uppfylla til að geta útskrifast.

Nemendur sem stunduðu nám skv. eldri námskrá

- voru að jafnaði fjögur ár að ljúka stúdentsprófi
- þurftu að ná lágmarkseinkunn 4 í hverjum áfanga og 5 í veginni meðaleinkunn allra áfanga hvers skólaárs.
- máttu vera með lægri einkunn en 4 (þó ekki lægri en 2) í tveimur áföngum á stúdentsprófi

Nemendur sem stunda nám samkvæmt nýrri námskrá

- ljúka stúdentsprófi á 3-4 árum, meðalnámstími fyrsta nemendahópsins er 3,23 ár
- þurfa að ná lágmarkseinkunn 5 í öllum áföngum
- mega vera með lægri einkunn, þ.e. einkunnina 4, í tveimur lokaáföngum á stúdentsprófi

Upptalningin hér að ofan sýnir að kröfur um árangur nemenda í einstökum áföngum eru auknar í nýju námskránni. Í þessum tveimur hópum sem bornir voru saman úr gamla og nýja kerfinu er hlutfall þeirra sem útskrifast með stúdentspróf svipað, þ.e. 85% og 83%.

Helstu verkefni innleiðingarinnar veturinn 2012-2013

Veturinn 2012-13 var aðallega unnið að tveimur stórum verkefnum, almenna hluta skólanámskrárinnar og undirbúningi fyrir umsókn um staðfestingu ráðuneytisins á stúdentsprófsbrautum skólans.

Unnið var skipulega að breytingum á almenna hluta skólanámskrárinnar. Til hliðsjónar var höfð Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti sem gefinn var út í febrúar 2012, lög um framhaldsskóla frá 2008 og þær reglugerðir sem fjalla um framhaldsskóla. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og þróunarstjóri leiddu þá vinnu en aðrir starfsmenn skólans voru kallaðir til eftir því sem þurfa þótti.

Talsverð vinna fór í grunnþætti og lykilhæfni og skoða hvar þeirra sæi stað í námsefni kjarnaáfanga hvernar brautar og einnig í skólastarfinu í heild.

Stúdentsprófsbrautir skólans, félagsvísinda-, hugvísinda- og náttúruvísindabraut voru settar í námskrárgrunninn og sótt um staðfestingu ráðuneytisins á þeim.

Unnið var að ýmsum áætlunum og stefnum í skólanum; jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun, heilsustefnu skólans, siðareglum o.fl. Það sem lokið er af þeim má sjá á heimasíðu skólans, <http://www.kvenno.is/pages/382>, aðrar eru enn í vinnslu.

Skólinn tók upp ný áfangaheiti haustið 2013 í samræmi við kröfur í námskrárgrunni og var talsverð undirbúningsvinna unnin 2012-13 sem tengist þeim breytingum.

Starfsmenn skólans hafa kynnt þróunarstarf Kvennaskólans á ýmsum vettvangi undanfarin ár. Sex kynningar voru haldnar síðastliðið skólaár og til gamans má nefna að í nóvemberbyrjun 2013 verður fimmtugasta kynningin haldin.

Könnunin Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins er samvinnuverkefni fjármálaráðuneytisins, SFR og fleiri. Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. Fjöldi stofnana sem tók þátt í könnuninni 2013 var 153 og alls svöruðu um 10.000 manns. og félagsmenn annarra stéttarfélaganna hjá ríkinu geta tekið þátt í könnuninni.

Niðurstöður fyrir Kvennaskólann í Reykjavík úr könnuninni Stofnun ársins 2013, 2012 og 2011

Skólinn fellur í flokk stórra stofnana með yfir 50 starfsmenn.

Þættir / Ár	Meðaltal allra Kvennaskólinn í Reykjavík			
	2013	2013	2012	2011
Einkunnarröð		7	17	21
Heildareinkunn	3,747	4,057	4,001	3,89
Trúverðugleiki stjórnenda	3,71	4,22	3,98	4,23
Starfsandi	4,12	4,40	4,4	4,57
Launakjör	2,58	2,61	2,75	2,57
Vinnuskilyrði	3,76	3,94	3,99	2,54
Sveigjanleiki vinnu	4,08	3,49	3,5	3,37
Sjálfstæði í starfi	4,15	4,48	4,36	4,45
Ímynd stofnunar	3,66	4,55	4,51	4,42
Ánægja og stolt	4,03	4,51	4,38	4,44
Svarhlutfall	52,1	50,7%	70-79%	60-69%

Kvennaskólinn lendir í 7. sæti í einkunnarröð 80 stofnana í sínum stærðarflokki. Skólinn færir upp um 10 sæti á milli ára. Það er fyrst og fremst hækkun mats á þáttunum trúverðugleiki stjórnenda, sjálfstæði í starfi og ánægja og stolt sem veldur þessari breytingu. Sennilega er ánægja með þróunarverkefni skólans að skila sér í þessu mati. Allir þættir eru fyrir ofan meðallag hjá skólanum nema sveigjanleiki vinnunnar. Það eru jú flestir starfsmenn skólans mjög bundnir stundaskrá. Launakjörin skora lægst og talsvert lægra en í fyrra. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að einkunnina sem ímynd stofnunarinnar fær hjá starfsmönnum.

Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti

Könnun um viðhorf nemenda til bókasafns og mötuneytis skólans var lögð fyrir nemendum í apríl. Þetta var rafræn könnun sem send var á skólápóstfang nemenda. Svarhlutfallið var 28,4% sem er lágt og því erfitt að leggja mat á raunverulegt við horf nemenda þess vegna. Helstu niðurstöður eru þessar:

Samantekt um bókasafn

- Nemendur fara helst á bókasafnið til að vinna hópverkefni, lesa vegna heimanáms og nota tölvurnar.

- Nemendur sækja frekar heimildir á netið en á bókasafn skólans eða Borgar-bókasafnið
- Nemendur nota helst netsíður og námsbækur sem heimildir.
- Nemendur nota helst google og aðrar leitarvélur á vefnum til að leita að heimildum.
- Nemendur nota helst bókasafnið til að vinna verkefni í félagsgreinum
- Kynningin á bókasafninu hefur nýst 52,66% þátttakenda vel. Athygli vekur að 37,28% segjast ekki muna eftir því að hafa fengið kynningu á bókasafninu en einungis 17% telja sig þurfa upprifjun á notkun bókasafnsins.
- Nemendur leita helst aðstoðar bókavarda til að fá lánaðar fartölvur.
- Nemendur eru almennt ánægðir með vinnuumhverfið og vinnuaðstæður á bókasafninu. Síst er ánægjan með aðstoð við tæknimál, úrval bóka opnunartíma, aðgang að tölvum og vinnufrið í lesbásam.
- Nemendum finnst helst vanta betri tölvuaðgang, hópinnuaðstöðu og fleiri lesbása á bókasafnið.

Í skriflegum svörum nemenda um hugmyndir að betra bókasafni var sérstaklega nefnt að nemendur sem eru að nota lesbása verða fyrir ónæði frá afgreiðsluborði og hópinnuborðinu. Einnig nefndu margir að fartölvur og borðtölvur á bókasafninu væru lélegar og þyrfti að endurnýja.

Samantekt um mötuneyti

- 73% þátttakenda borða alltaf eða oft morgunmat áður en þeir koma í skólann.
- 39,64% koma alltaf eða oft með nesti í skólann, 18,34% koma aldrei með nesti í skólann.
- 3,55% þátttakenda keyptu sér heitan mat í mötuneyti skólans síðastliðnar tvær vikur, 19,53% keyptu oft en 40,83% aldrei.
- 17,16% keyptu annað en heitan mat í mötuneyti skólans síðastliðnar tvær vikur, 33,73% stundum, 28,99% aldrei.
- 43,8% keyptu sér alltaf eða oft mat í nærliggjandi verslunum síðastliðnar tvær vikur, 24,95% stundum og 13,61% aldrei.
- Þátttakendur telja helstu kosti mötuneytisins vera góður og fjölbreyttur matur.
- Flestir telja að það þurfi helst að breyta matarverðinu og stækka mataraðstöðuna.
- Nemendur vilja helst borða heitan mat í hádeginu og pasta- og grænmetisrétti.
- Flestum (86,98%) finnst sanngjarnt verð fyrir heitan mat í hádeginu vera á bilinu 500-699 krónur.
- 29,59% telja örbylgjuofn myndi helst bæta aðstöðuna í Miðbæjarskólanum til að neyta matar. 17,16% sögðu að það að geta keypt samlokur í sjoppunni og 15,96% sögðu vatnsvél með heitu og köldu vatni myndi helst bæta aðstöðuna í Miðbæjarskólanum.

Í skriflegum svörum nemenda um hugmyndir að betra mötuneyti nefndu þátttakendur sérstaklega ánægju sína með þjónustu og viðmót starfsfólksins í mötuneytinu. Nemendur komu fram með óskir um glös fyrir vatn og betra aðgengi að vatni bæði í mötuneytinu og í Miðbæjarskólanum. Sögðu að erfitt væri að fá sæti í matsalnum í hádeginu og bið eftir afgreiðslu verði til þess að þeir fara ekki í mötuneytið í hádeginu. Það væri bagalegt að engin aðstaða væri í A- og N-byggingu til að matast. Auglýsa þyrfti betur opnunartíma sjoppunnar í Miðbæjarskólanum og hafa þar fjölbreyttara úrval, að þar yrði

hægt að kaupa samlokur, pasta og/eða ávexti. Einnig mætti setja örbylgjuofn, samlokugrill og vatnsvél (heitt og kalt vatn) í nemendarymið í Miðbæjarskólanum.

Jafnrétti

Árið 2012 var skipuð fyrsta jafnréttisnefnd Kvennaskólans í Reykjavík og formaður hennar, Þórður Kristinsson kennari, er jafnréttisfulltrúi skólans. Jafnréttisstefnan var endurskoðuð og fyrsta jafnréttisáætlun skólans gerð. Jafnréttisfulltrúi skilaði skýrslu um starfið á skólaárinu og eru niðurstöðurnar eftirfarandi.

Launakjör starfsfólks

Markmið: Athuga meðvitað og markvisst hvort farið sé eftir stofnanasamningum í launamálum (m.a. eftir kyni).

Athugun: Á haustönn 2012 funduðu skólameistari, trúnaðarmaður kennara, fjármálastjóri og jafnréttisfulltrúi um launakjörin. Fjármálastjóri hafði þá tekið saman launagögn allra starfsmanna þannig að þau voru nafnlaus en kyngreind. Eftir að hafa litið yfir gögnin var ákveðið að sleppa yfirstjórnendum og öðru starfsfólki í yfirferðinni að þessu sinni og gögnin um kennara skólans voru greind en til skoðunar voru 41 kona og 15 karlar. Farið var markvisst yfir ráðningasamninga og er staðfest að kennarar Kvennaskólans í Reykjavík eru ráðnir og fá laun í samræmi við stofnanasamninga. Það er þó nokkur munur á meðalheildarlaunum karl- og kvenkyns kennara. Munurinn skýrist að mestu leyti vegna starfshlutfalls kennara. Mun fleiri konur en karlar eru í hlutastarfi á meðan karlar eru gjarnan í yfir 100% vinnuhlutfalli. Einhver hluti starfsmanna óskar eftir hlutastarfi á meðan aðrir sinna greinum þar sem erfitt er að auka við kennslu. Kennsluhlutfall ræðst að nokkru leyti af vali nemenda og er illviðráðanlegt að stýra því. Annað sem hefur áhrif á ráðningarhlutfall, og hefur þannig áhrif á laun, eru þrep vegna verkefnastjórnar (t.d. brautastjórnun) og svo álagsþrep (t.d. bekkjarumsjón, fjöldi ólíkra áfanga eða hópastærðir). Ekki var hægt að sjá að hallaði á annað kynið þegar kom að útteilingu þrepa og álagsþrepa að öðru leyti en því að óvenju fáir karlar sóttust hlutfallslega eftir bekkjarumsjón.

Mögulegar útfærslur á því að jafna heildarmeðallaun karl- og kvenkyns kennara við skólann er að nýta kennarafundi og/eða starfsmannaviðtöl til þess að fara yfir þá valmöguleika sem eru í boði fyrir hvern starfsmann til þess að auka eða minnka starfshlutfall og hvernig kennarar geta haft áhrif á þrep með því að sækja um eða sinna störfum sem fela í sér hækkun í þrepum.

Áætlun um eineltismál og kynferðislega áreitni

Markmið: Að tryggja að áætlun vegna eineltis/kynferðislegrar áreitni sé virk. Kanna boðleiðir sem eru til staðar í áætlun og athuga hvort hlutaðeigandi viti hvert hlutverk þeirra á að vera.

Athugun: Jafnréttisfulltrúi ræddi við náms- og starfsráðgjafa skólans og nokkra kennara sem málið varðaði. Tvö eineltismál komu upp á síðastliðnum vetri sem fóru í ferli. Í báðum tilvikum telst hafa fundist farsæl lausn og farið var eftir verkferlum. Það er því hægt að segja að eineltisáætlunin sé virk. Náms- og starfsráðgjafar sögðu frá því að kennarar leituðu gjarnan til þeirra ef það vakna upp áhyggjur af einstökum nemendum.

Kennarar eru því meðvitaðir um að eineltismál eigi að koma á borð náms- og starfsráðgjafa.

Niðurstaðan er að það er þörf á að ítreka og styrkja áætlunina sem er ætlað að taka á eineltismálum og tilvikum þar sem kynferðisleg áreitni kemur upp. Það þyrfti að:

- Minna alla kennara á áætlunina og í hverju hún felst
- Finna leið til þess að kynna áætlunina fyrir nemendum (t.d. í gegnum umsjónarkennara). Þannig mætti virkja forvarnargildi áætlunarinnar og leggja áherslu á ábyrgð nemenda á að láta vita af hugsanlegum eineltismálum
- Kanna líðan nemenda í skólanum með tilliti til eineltis og kynferðislegrar áreitni
- Skoða hvernig áætlunin gæti tekið á málum þar sem gerandinn er starfsmaður skólans og þólandinn er nemandi eða öfugt
- Skoða hvernig er tekið á málum sem gætu komið upp á milli starfsfólks skólans.

Skólinn er einnig á leið í samstarf við Skólapúlsinn sem kannar meðal annars líðan nemenda í skólanum með tilliti til eineltis og kynferðislegrar áreitni (sjá jafnréttisáætlun fyrir skólaárið 2013-14).

Jafnréttisfræðsla í kennslu

Markmið:

Að tryggja jafnréttisfræðslu í kennslu. Vinna úr upplýsingum sem safnað var haustið 2011 um hvar jafnréttisfræðsla fer fram í kennslu.

Athugun: Það er á mörgum stöðum sem jafnréttiskennsla fer fram í Kvennaskólanum. Nemendur skólans fá til dæmis fræðslu um jafnrétti kynjanna samtvinnaða „venjulegu námi“ í mörgum fögum en efnið er sérstaklega og markvisst tekið fyrir í skylduáfanga í félagsvísindum sem allir nemendur skólans taka á fyrsta ári. Þar er m.a. farið yfir kynbundið ofbeldi, klám, klámvæðingu og ofbeldi í nánnum samböndum. Einnig er boðið upp á mjög vel sóttan valáfanga í kynjafræði fyrir eldri nemendur þar sem farið er mun dýpra í áðurtalda efnisþætti. Þar er m.a. verkefni þar sem nemendur kanna klámvæðingu í sínu nánasta umhverfi og búa til fræðsluefni fyrir samnemendur sína um klámvæðingu. Það verkefni hefur skapað mikla umræðu meðal nemenda og meiri meðvitund um vandann. Í janúar horfðu allir nemendur skólans á fræðslumyndina „Fáðu já“ á sama tíma hún var frumsýnd í öllum efstu bekkjum í grunnskólum landsins og víðar. Þar er m.a. fjallað um kynbundið ofbeldi og tengsl við klám. Jafnréttisfulltrúi fékk styrk frá Sprotasjóði til þess að þróa kennsluefni tengt jafnrétti kynjanna í nánnum samböndum. Í þessu verkefni fer fram samvinna við kynjafræðinginn Thomas Brorsen Smith og leikhópin Pörupilta. Afrakstur þessarar vinnu mun liggja fyrir á vordögum 2014 og á án efa eftir að styrkja þessa fræðslu.

Fimm nemendur tóku námskeið sem heitir „Lifandi bókasafn“ þar sem þeir skipulögðu atburð fyrir samnemendur sína þar sem þeir gátu kynnt sér ýmislegt efni. Í þetta skiptið var þemað sem nemendur völdu „kynjafræði“ þar sem þeir fengu ýmsa aðila sem tengjast kynjafræðilegu efni til þess að koma og veita nemendum skólans upplýsingar. Nemendur fá einnig fræðslu um jafnréttismál sem tengjast kynhneigð og kynvitund, menningu, þjóðerni, tungumálum, trúarbrögðum, lífsskoðunum, fötlun, aldri, stétt og búsetu.

Jafnréttisfulltrúi hefur unnið lítilla úr þeim gögnum sem fyrir liggja um það hvar grunnstoðir eins og jafnréttiskennsla fer fram í hinum ýmsu fögum skólans. Jafnréttisfulltrúi tók þátt í að skrifa sérstakt þemahefti um jafnrétti sem eina af

grunnstoðum nýrrar námskrár. Meðhöfundar eru Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir. Þetta hefti má nota til þess að koma á jafnréttisnámi á fleiri stöðum og því upplagt að kynna það fyrir kennurum á haustmánuðum.

Jafnréttismál hjá nemendafélaginu

Markmið:

Tryggja að jafnréttismál séu á dagskrá nemendafélagsins. Skipuleggja með jafnréttisnefnd nemendafélagsins atriði er snúa að nemendum, til dæmis sýnileika nemenda af báðum kynjum út á við, hlutfall í stjórn og svo framvegis.

Skipuleggja jafnréttisfræðslu með nemendafélaginu fyrir nemendur sem fer fram utan kennslustunda.

Afla og birta tölfraðilegar upplýsingar um jafnrétti í skólanum og birta í skólablaðinu og á heimasíðu skólans.

Athugun: Í október skipaði Keðjan, nemendafélag skólans, í fyrsta skipti jafnréttisnefnd nemenda í samræmi við nýja jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun skólans sem var samþykkt á vordögum 2012. Stjórn Keðjunnar ákvað að nefndin ætti að taka fyrir bæði jafnrétti í nemendaumhverfinu og hagsmuni nemenda og kallaði því nefndina Hagsmuna- og jafnréttisnefnd Keðjunnar. Valið var í nefndina eftir að áhugasamir höfðu gengið í gegnum viðtöl og leitaðist stjórn Keðjunnar við að hafa bæði karl- og kvenkyns nemendur í nefndinni og að þeir kæmu úr öllum árgöngum. Í jafnréttisnefnd eru fjórir nemendur, einn úr hverjum árgangi skólans, einn drengur og þrjár stúlkur. Jafnréttisnefnd nemenda vann að tillögum um breytingar og bætur á lögum nemendafélagsins. Í tillögum þeirra er m.a. kveðið á um kynjahlutföll nemenda sem koma fram í nafni skólans sem og áherslur á að í efni sem birtist á vegum nemendafélagsins sé jafnréttis kynjanna gætt og að þar sé fjallað um nemendur skólans af virðingu. Ljóst er að breyta þarf lögum Keðjunnar til að undirbyggja þetta.

Hlutfall nemenda í embættum og nefndum Keðjunnar

Jafnréttisfulltrúi kannaði kynjahlutföll í nefndastörfum Keðjunnar frá síðustu aldamótum. Upplýsingarnar voru fengnar úr Gróu, símaskrá skólans auk þess sem upplýsingum úr kosningu nemendafélagsins vorið 2013 fyrir næsta skólaár var bætt við. Því þarf að hafa þá fyrirvara að ekki er ljóst hverjir muni sitja í þeim nefndum sem eru í boði fyrir veturinn 2013-14 og að sum embætti hafa orðið úrelt eða fengið ný nöfn. Einnig má hafa það í huga að í sumum tilvikum eru nemendur sjálfkjörnir til setu, þ.e. ef ekki er mótframboð. Það er því óvíst hvort nemendur hafa verið kosnir í sumum tilvikum eða hreinlega gengið í embættið. Með þessa fyrirvara í huga þá koma samt fram nokkuð áhugaverðar niðurstöður. Fyrstu niðurstöður voru sendar til stjórnar Keðjunnar í tölvupósti rétt fyrir kosningar í stjórn Keðjunnar fyrir veturinn 2013-14.

- Af þeim 947 skráningum í embætti sem voru til skoðunar eru 600 í höndum kvenkyns nemenda skólans. Það gefur okkur að rúmlega 38,5% embætta hafa verið í höndum karlkyns nemenda sem er örlítið hærra hlutfall en af nemendahópnum. Nemendur sem eru skráðir skólaárið 2013-14 eru rúmlega 36% karlkyns og tæplega 64% kvenkyns.
- Í æðsta embætti nemendafélagsins hafa 9 af 14 formönnum verið karlkyns.
- Embættin varaformaður, ritari og markaðsstjóri hafa komið og farið á síðustu 14 árum en samanlagt hafa 17 manns gegnt embætti með þessum nöfnum og þar er skiptingin mjög jöfn þar sem karlar hafa gegnt 9 en konur 8.
- Af fjórtán gjaldkerum hafa 9 verið karlar en 5 konur.

Nefndir eru mis áberandi í skólanum. Hér eru teknar saman þær nefndir þar sem karlar eru í meirihluta.

- 42 nemendur hafa setið í Skemmtinefnd, 26 karlar og 16 konur.
- Í Listanefnd 39 nemendur, 25 karlar og 14 konur.
- Málfundafélagið Loki hefur haft 42 nemendur í embættum, 25 karla og 17 konur.
- 38 nemendur hafa setið í Íþróttanefnd, 26 karlar og 12 konur.
- Embætti sem hefur gengið undir nöfnunum lénsfrú, lénsheerra og vefsíðunefnd hefur verið í höndum 12 nemenda, 11 karla og 1 konu.
- Í vídeónefnd 38, 33 karlar og 5 konur.
- Embætti sem er ýmist kallað tækninefnd eða rötari hefur verið í höndum 22 karla.
- 36 nemendur hafa verið í klappnefnd, 20 karlar og 16 konur.

Nefndir með konur í meirihluta.

- Í leiklistarfélaginu Fúríu eru fleiri kvenkynsnemendur en karlkyns, þar hafa 53 nemendur verið í embætti, þar af 35 konur og 18 karlar.
- 88 nemendur hafa setið í ritnefnd, 62 konur og 26 karlar.
- Auglýsinganefnd hefur verið nær eingöngu í höndum kvenkyns nemenda þar sem 60 af 62 nemendum þar hafa verið kvenkyns.
- Dimmisjónnefnd er álíka mikil slagsíða þar sem 21 af 24 nemendum hafa verið kvenkyns.
- Í Fréttanefnd sem gefur út Fréttapétur hafa 46 nemendur tekið sæti, þar af 32 konur og 14 karlar.
- 24 nemendur hafa verið í ljósmyndanefnd, þar af 16 konur og 8 karlar.
- Peysufatanefnd hefur einungis verið í höndum kvenna en 22 konur hafa tekið það embætti að sér.
- Af þeim 33 nemendum sem hafa verið í Skreytinganefnd hafa verið 31 kona og 2 karlar.
- Sjoppunefnd 47 nemendur 40 konur og 7 karlar.
- Tjarnardaganefnd 51, 37 konur 14 karlar.
- Útskriftarnefnd 31 nemandi, 29 konur og 2 karlar.
- Árbókarnefnd 19 konur.
- Markaðsnefnd 44 þar af 35 konur og 9 karlar.
- Kórnefnd 44, 35 konur og 9 karlar.

Önnur nefndaseta sem var skráð í Gróu var í nefndum sem hafa átt stuttan líftíma og ekki fengið framhaldslíf í öðru formi eða hefur ekki verið skráð af einhverjum öðrum orsökum. Þetta eru: Góðgerðanefnd, Kósýnefnd, Varnarher Dumbeldores, Umhverfisnefnd, Árshátíðarnefnd, Annars bekkjarnefnd, Marabonnefnd, Gæslustjóri, Skólanefndarfulltrúi, og tengill vegna ræstinga. Í þessum nefndum hafa samanlagt setið 45 einstaklingar, 18 karlar og 27 konur. Ekki er hægt að sjá einhverjar sérstakar sveiflur á milli ára hvernig nefndasetu er háttað í gegnum kynjagleraugun.

Það sem vekur helst áhuga við þessar niðurstöður er hversu áberandi karlar eru í æðstu embættum Keðjunnar, ekki síst í ljósi kynjaskiptingar í nemendahóp skólans. Þá eru nokkrar nefndir sem skera sig sérlega mikið úr þegar kemur að kynjahlutfalli og ástæða til þess að hvetja nemendur af báðum kynjum til þess að sækja um. Það hallar á hvort kynið um sig í fjölmörgum nefndum og augljóst að ákveðnar nefndir virðast laða frekar

að sér annað kynið. Þrátt fyrir að það halli mikið á annað kynið í mörgum nefndum er vert að taka sérstaklega fram eftirfarandi nefndir; vefsíðunefnd, vídeónefnd og tækninefnd – en þar hallar á konur; auglýsinganefnd, árbókarnefnd og peysufatanefnd - en þar hallar sérstaklega á karla. Það má sjá ákveðna tilhneigingu nemenda að sækjast eftir nefndasetu í embættum sem má tengja við hefðbundin kynhlutverk en sem dæmi þá eru nefndirnar þar sem helst hallar á konur allar tengdar einhvers konar tæknimálum en þau eru frekar tengd körlum.

Það er óvíst hvort að nemendur geri sér almennt grein fyrir því hver skekkjan er og því gæti verið fróðlegt að fá nemendum þessar upplýsingar, t.d. með því að birta í Fréttapéttri (fréttiriti nemenda), á heimasíðu Keðjunnar og skólans.

Það má segja að þetta markmið, að tryggja að jafnréttismál séu á dagskrá nemendafélagsins, hafi ekki náðst á þessu skólaári nema að litlum hluta. Þessi hluti krefst samvinnu jafnréttisfulltrúa og stjórnar nemendafélagsins og meiri virkni allra aðila.

Stefnt er að því að afla frekari tölfræðilegra upplýsinga og birta í skólablaðinu og á heimasíðu skólans á næsta skólaári.

Jafnréttisfræðsla fyrir kennara

Markmið: Að tryggja jafnréttisfræðslu fyrir kennara. Skipuleggja a.m.k. eina kynningu fyrir kennara og starfsfólk um jafnréttismál á kennarafundum og/eða starfsdögum á hvorri önn.

Athugun: Kennarar skólans hafa fengið fræðslu á kennarafundi um klámvæðingu í skólaumhverfinu og hvernig hægt er að bregðast við henni. Áhersla er lögð á að kennarar eigi að gefa skýr skilaboð um að klámvæðing og önnur vanvirðing sé ekki í lagi. Kennarar eru hvattir til að nota tækifærið þegar augljós dæmi klámvæðingar koma fram til þess að brydda upp á umræðu um hvaðan þessar hugmyndir koma og hvaða áhrif þær hafi. Annað fræðsluerindi var áttað á kennarafundi nú á vormánuðum í samræmi við jafnréttisáætlun en því miður reyndist ekki hægt að koma því við.

Vímuefnanotkun

Í febrúar 2013 vann Rannsóknir og greining rannsókn á neyslu vímuefna í framhaldsskólum landsins. Í skýrslunni er dregin upp mynd af þróun í neyslu framhaldsskólanema allt frá árinu 2000 til 2013. Kvennasólinn fékk sérstaka skýrslu um stöðuna í þessum efnum í skólanum og samanburð við landið í heild. Í skólanum svöruðu 87% nemenda könnuninni en svarhlutfallið á landinu öllu var 73%.

Helstu niðurstöður eru að mjög hefur dregið úr daglegum reykingum á landsvísu (úr 21% árið 2000 í 7,6% árið 2013) og einnig í skólanum. Þar er þetta hlutfall enn lægra eða 4,1% og er skólinn í 5. besta sæti af 30 skólum.

Öðru máli gegnir þegar spurt er um ölvun síðustu 30 daga. Þá segjast 47,5% nemenda skólans hafa orðið það og er það fyrir ofan landsmeðaltal. Skólinn er þar í 20. sæti af 30.

Hlutfall nemenda skólans sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina er 3,3% sem er undir landsmeðaltalinu og lendir skólinn þar í 5. sæti af 30.

Hlutfall nemenda skólans sem hafa notað marjúana einu sinni eða oftar um ævina er 23,5% sem er yfir landsmeðaltalinu og lendir skólinn þar í 20. sæti af 30.

Þarna er verk að vinna í forvörnum í skólanum bæði hvað varðar áfengisdrykkju og marjúananeytlu.

Heilsueflandi skóli

Skólinn er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli og stýrihópur vann að neringarþætti þess verkefnis á skólaárinu. Ýmsar heilsusamlegar nýjungar litu dagsins ljós í mötuneyti skólans. Má þar nefna eftirfarandi: Allt gos var tekið út. Búst er búið til á staðnum. Meiri áhersla lögð á heilhevitipasta og - spaghetti o.fl.

Einnig skar sjoppan sælgætið eins mikið við trog og sjoppunefndinni fannst stætt á að gera. Unnið var að undirbúningi hreyfingarársins og er stýrihópurinn búinn að móta stefnu fyrir næsta vetur í því efni.

Hópurinn hefur unnið einstaklega vel saman og telur sig hafa náð góðum árangri.

Árangur í umbótum skólaárið 2012-2013

Í síðustu matsskýrslu voru taldar upp eftirfarandi umbætur sem stefna skyldi að í nánustu framtíð:

- Halda þarf áfram vinnu við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla. Þar þarf sérstaklega að vinna að skólanámskránni og mati/endurskoðun á breytingunum. Að þessu hefur verið unnið, sjá hér framar í skýrslunni.
- Ljúka þarf skipulagningu nýtingar á gamla skólahúsinu, mötuneyti starfsmanna, skrifstofu og fleiru.
Þetta hefur setið á hakanum vegna aðhalds og sparnaðar á öllum sviðum.
- Fínpússa þarf matsáætlun skólans og matsaðferðir. Þar þarf sérstaklega að huga að tengslum þess við 2. kafla skólasamningsins.
Þetta er enn í vinnslu og verðu í sífældri endurskoðun. Ákveðið var að hafa fáa matsliði hverju sinni til að verkefnið yrði ekki of viðamikið.
- Koma þarf rekstri skólans á réttan kjöl.
Ekki er útlit fyrir að það takist á næstu árum.
- Efla þarf tæknikunnáttu kennara.
Ekki hafa verið haldin formleg námskeið
- Leita þarf hugmynda um betri nýtingu á umhverfi skólans og staðsetningu.
Þetta er umfangsmikið verkefni og nær til margra þátta. Engin afgerandi hugmynd hefur enn komið fram.
- Efla þarf umhverfisvitund í skólanum t.d. með því að nemendur gætu mælt sitt eigið vistspor.
Umhverfisráð skólans vinnur að þessu mikla verkefni. Skólinn flaggaði Grænfánanum nóvember 2012 öllum til mikillar ánægju. Unnið er að því að halda honum.

Fyrsti umhverfisdagur skólans var 8. nóv. 2012. Umhverfisnefndin fór í mikið tyggjóstríð með nemendum og starfsmönnum skólans og söfnuðust 6 kíló af tyggjóklessum undan borðum og stólum og af gangstéttum í kringum skólann.

- Kanna þarf stöðu vistvænna innkaupa í skólanum.
Staðan hefur verið könnuð. Einnig hefur umfang prentunar verið kannað og í ljós hefur komið að pappírnotkun hefur dregist talsvert saman undanfarin ár. Nánar verður fjallað um þetta í næstu skýrslu.
- Auka þarf tillitsemi milli faga vegna símats. Finna þarf leiðir til að draga úr árekstrum stórra verkefnaskila og prófa.
Þetta reynist okkur erfitt og eru kennarar oft beðnir um að hliðra til prófum vegna tillits til viðburða hjá nemendum. Þetta veldur oft nýjum árekstrum. Meiri festa í þessu skipulagi þarf að komast á.
- Finna leiðir til að nýta íþróttasalinn fyrir frjálsa tíma bæði fyrir starfsmenn og nemendur.
Takmarkaður áhugi reynist vera á nýtingu salarins.

Umbótaáætlun

Á grundvelli niðurstaðna sjálfsmatsins er stefnt að eftirfarandi umbótum í næstu framtíð:

Bókasafn

- Bókasafnsverðir leggi mun meiri áherslu á að það sé vinnufriður á bókasafninu.
- Skoða þarf fyrirkomulag húsbúnaðar með tilliti til nýtingar.
- Vekja þarf athygli á bókasafninu t.d. með vikulegum fréttum um ný gagnasöfn á vefnum, ný tímarit o.s.frv.
- Hafa auglýsingu um opnunartíma bókasafnsins fyrir framan innganginn.
- Til að auka lestur væri hægt að setja inn frétt á heimasíðu skólans um bók mánaðarins, hægt að tengja við bækur í yndislestri og/eða kjörbækur í erlendum tungumálum.

Mötuneyti

- Fara yfir uppröðun borða í mötuneytinu .
- Leita þarf leiða til að auka afgreiðsluhraðann.
- Kaupa glös til að nemendur hafi betra aðgengi að vatni. Hafa vatnskönnur aðgengilegar og/eða aðra vatnsvél.
- Hafa meira meira framboð af pasta- og grænmetisréttum og ávöxtum.
- Bæta aðstöðuna í nemendarýminu í Miðbæjarskólanum til að matast t.d. örbylgjuofn, samlokugrill og/eða vatnsvél.
- Auka vöruúrvalið í sjoppunni í Miðbæjarskólanum og hafa opnunartíma auglýsta og reglulegri.

Skólapúlsinn

Skólinn mun í samstarfi við Skólapúlsinn kanna meðal annars líðan nemenda í skólanum með tilliti til eineltis og kynferðislegrar áreitni.

Forvarnir

Efla þarf forvarnir í skólanum til að draga úr drykkju og neyslu maríjúana.

Jafnrétti

- Stuðla að meðvitund starfsfólks um hvað hefur áhrif á launakjör þeirra
- Að tryggja jafnréttisfræðslu í kennslu . Kynna Jafnréttisþemaheftið sem eina af grunnstoðum nýrrar
- Skipuleggja jafnréttisnefnd nemendafélagsins, umfang hennar og eðli
- Afla og birta tölfraðilegar upplýsingar um jafnrétti í skólanum og birta í skólablaðinu og á heimasíðu skólans
- Skipuleggja a.m.k. eina kynningu fyrir kennara og starfsfólk um jafnréttismál á kennarafundum og/eða starfsdögum.

Almenn braut, brautabré

- Gera þarf úttekt á námsframboði á brautabré
- Skoða þarf ástæður brottfalls á brautinni og afdrif þeirra sem hætta í skólanum
- Efla þarf ráðgjöf til nemenda um áframhaldandi námsval.

Rekstur

Finna þarf leiðir til að koma rekstri skólans í rétt horf.

Lokaorð

Nú er innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla langt komin í skólanum. Beðið er eftir staðfestingu ráðuneytisins á brautum skólans og viðamikil úttekt verður gerð á þessu nýja kerfi í skólanum á skólaárinu 2013-14.

Mesta áhyggjuefnið nú eru slæmar horfur um rekstur skólans á yfirstandandi ári og því næsta. Leita þarf leiða til að bregðast við því.

Reykjavík, 25. nóvember 2013

Skýrsluna unnu:

Ingibjörg Guðmundsdóttir skólameistari
Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari
Ingibjörg Axelsdóttir þróunarstjóri
Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri